

Lestrarstefna Hofsstaðaskóla



Efnisyfirlit:

Lestrarkennsla

- Áherslu í kennslu
- Kynningarfundur fyrir foreldra um lestur
- Hlutverk heimilis
- Bókasafn
- Lestraráttak
- Lestrarkeppni
- Bókakynningar – þemaverkefni
- Lestrarþjálfun

Námsmat

- Leið til læsis og stafakönnun
- Lesferill - raddlestur
- Viðmið árgangs – orð á mínútu
- Orðarún - lesskilningur
- Aston Index stafsetning
- Framsögn
- Samræmd próf

Kennsluaðferðir í lestri

- PALS
- Yndislestur
- Orð af orði
- Vörður og vegvísir og 123skoli.is
- KVL
- Gagnvirkur lestur
- Hugtakakort
- SLSR
- Hraðlestur

Greiningarpróf

- LOGOS Lestrargreiningartæki
- TOLD 2P og 2I
- Hljóðfærni – ekki lengur notað

Nánari leiðbeiningar fyrir kennara vegna lestrarátaka sem unnin eru heima og dagatal Lesferils og lestrarátaka

- Eitt skref í einu
- Æfingin skapar meistarann
- Polli
- Risaeðlur
- Höfrungalíf
- Dagatal Lesferils og lestrarátaka

Lestrarkennsla

Grundvöllur árangurs í lestrarnámi er að leggja jafna áherslu á talað mál, hlustun, lestur, stafsetningu og ritun. Orðaforði, málþroski og reynsluheimur nemenda eru undirstaða lesskilnings. Lestrarkennsla í Hofsstaðaskóla byggir á samþættingu margra þátta.

Áherslur í kennslu

Í 1. bekk er *Hljóðlestraraðferð* lögð til grundvallar lestrarkennslu. Hugmyndir úr öðrum kennsluaðferðum eru einnig nýttar. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Unnið er með tengsl stafs og hljóðs ásamt undirstöðuatriðum lestrar eftir aðferðinni „Vörður og vegvísir“ (*123skoli.is*). Tveir til þrír stafir eru lagðir inn á viku og lýkur innlögn í janúar. Nemendum er skipt í hópa þar sem fjölbreytt þjálfun fer fram út frá þeim stöfum sem lagðir eru inn í byrjun hverrar viku. Nemendur fá a.m.k. eina lestrarbók á viku heim.

Í 1. - 7. bekk er unnið með *Orð af orði*, kennsluaðferð sem fléttast inní flestar námsgreinar og miðar að því að auka orðaforða, vinna með ályktunarhæfni, lesskilning og yndislestur. Unnið er með ritun, lesskilning, málfræði og framsögn og hlustun samkvæmt *Vörður og vegvísir*. Fjölbreytt verkefni og leiðbeiningar eru á vefnum *123skoli.is* sem eru einnig notuð. Hver nemandi les reglulega í skólanum og er *PALS* lesskilningsaðferðin notuð í 2. - 7. bekk.

Umsjónarkennarar í 1. - 4. bekk skipuleggja lestrarkennsluna í sínum bekk og kynna áherslur fyrir foreldrum á haustfundi. Í 1. - 5. bekk er lesið fyrir nemendur í nestistímum. Allir árgangar eru með a.m.k. 15 mínútna *yndislestrarstund* 3x - 5x í viku.

Kynningarfundur fyrir foreldra um lestur

Haldinn er kynningarfundur fyrir foreldra nemenda í 1. bekk að hausti þar sem farið er í grunnþætti lestrar, hvaða lestraraðferð er beitt í kennslunni og hvert hlutverk foreldra er gagnvart nemendum í lestrarkennslunni. Ætlast er til þess að einn fulltrúi frá hverjum nemanda mæti.

Hlutverk heimilis

Hlutverk foreldra nemenda í 1. - 7. bekk er að styðja við lestrarnám barna sinna að lágmarki í 15 mínútur á dag, 5x í viku. Það gera þeir með því að vinna með barninu þar sem það er stadd í lestrarnáminu. Nauðsynlegt er að hlusta á barnið lesa upphátt á fyrstu stigum lestrarferilsins frá 1. - 4. bekkjar. Mikilvægt er að lesa reglulega fyrir barnið og ræða innihald textans, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst.

Mælst er til þess að nemendur sem lesa undir 90% viðmiði í 5. - 7. bekk lesi í fimm mínútur upphátt fyrir foreldra sína fimm sinnum í viku og lesi svo í hljóði a.m.k. aðrar tíu mínútur.

Bókasafn

Bókasafn skólans gegnir veigamiklu hlutverki í að glæða og viðhalda lestraráhuga nemenda. Fastur útlánatími er á hverjum morgni og utan hans geta nemendur komið þegar ekki er kennsla á safninu. Safnið er því aðgengilegt nemendum stóran hluta dagsins. Bókasafnið er vel sótt og býður upp á lesefni sem hentar öllum nemendum. Kappkostað er að kaupa inn nýjar bækur jafnt og þétt yfir skólaárið eftir því sem þær eru gefnar út. Mjög gott úrval er af léttlestrarbókum sem styðja vel við nemendur í upphafi lestrarnámsins.

Bókasafnið tekur þátt í ýmsum lestrarhvetjandi verkefnum, s.s. Lesum meira í 6. og 7. bekk, Bókaverðlaunum barnanna og Bókasafnsdeginum. Starfræktur er Drekkaklúbbur á safninu þar sem nemendur fá viðurkenningu eftir að hafa lesið tiltekinn fjölda drekkabóka. Í bígerð er að stofna fleiri lestrarklúbba. Bókasafnið hefur einnig boðið upp á stefnumót við nýjar bækur í desember, þar sem nemendum gefst kostur á að skoða allar nýju bækurnar áður en þær fara í útlán. Allt er þetta gert til að glæða lestraráhuga nemenda og hvetja þá til lesturs.

Lestraráttak

Foreldrum nemenda sem eru undir viðmiðum árgangs í lestri í 2. - 5. bekk er boðið á kynningarfund í skólanum um lestrarátak sem sérkennarar sjá um. Verkefni eru þematengd t.d. í 2. bekk um öndina Polla, í 3. bekk um risaeðlur og í 4. og 5. bekk um háhyrninga. Hvert áttak tekur fjórar vikur og er lögð áhersla á flesta þætti læsis. Í áttakinu er sérstök áhersla lögð á að þjálfva öryggi í lestri, lesskilning og stafsetningu og er ætlað sem heimaverkefni.

Allir nemendur í 1. - 4. bekk taka þátt í Popplestri, en það er u.p.b. tveggja vikna lestrarátak á vorönn sem umsjónarkennarar stjórna, það fer oftast fram bæði heima og í skólanum. Nemendur í 5. - 7. bekk taka einnig þátt í lestarátökum, þar sem áherslan er á hraða og/eða lesskilning. Nemendum býðst einnig að taka þátt í hraðlestrarnámskeiðunum *Eitt skref í einu* sem er ætlað fyrir nemendur í 2. -5. bekk eða *Æfingin skapar meistarann*, sem er ætlað nemendum í 6. -8. bekk. Áttökin eru unnin heima (sjá nánar aftast).

Lestrarkeppni

Á hverju ári taka nemendur í 4. bekk þátt í *Litlu upplestrarkeppninni* og nemendur í 7. bekk taka þátt í *Stóru upplestrarkeppninni*. Mikil lestrarþjálfun fer fram þegar verið er að undirbúa þessar keppnir, bæði samlestur og upplestur.

Í 6. og 7. bekk eru spurningakeppnirnar *Lesum meira*. Nemendur lesa sex fyrirfram valdar bækur og er unnið með innihald þeirra á fjölbreyttan hátt, m.a. í umræðuhópi, kahoot spurningakeppni og ýmsum samvinnuverkefnum. Allir nemendur árgangsins taka þátt en að lokum eru þeir sem koma best út úr námsmati valdir í lið sem keppa á lokahátíðinni.

Bókakynningar - þemaverkefni

Heildstæð íslenskuverkefni eru unnin út frá lestrarbókum á hverju ári. Í 2. bekk er það *Palli var einn í heiminum* og í 4. bekk *Vefurinn hennar Karlottu*. Í 5. bekk er það *Öðruvísi fjölskylda* og *Benjamín dúfa*, í 6. bekk er það *Fólkið í blokkinni* og *Draugaslóð* og í 7. bekk er það *Arfurinn* og *Vítahringur*. Íslenskukennsla fléttast í kringum hverja bók t.d. málfræði, lesskilningur, ritun, hlustun, framsögn og stafsetning. Í 6. og 7. bekk velja nemendur tvær frjálslestrarbækur og standa skil á úrvinnslu úr þeim á fjölbreyttan hátt. Ýmsar leiðir eru farnar m.a. er söguþráðurinn sagður í pizzasneiðum, leiksvið

osögupersónur útbúnaar í pappakassa og samantekt á söguþræðinum á annan fjölbreyttan hátt.

Lestrarþjálfun

Lestrarþjálfun	1. – 4. bekkur	5. – 7. bekkur
Lesið fyrir nemendur	Alla daga	3-5x í viku
Nemandi les fyrir kennara eða féлага	3-5x í viku	3-5x í viku
Heimalestur	5x í viku	5x í viku
Yndislestur	Alla daga	3-5x í viku
Lestrarátak	2x á skólaári	1–2x á skólaári
Bókakynning		1-2x á ári

Námsmat

Leið til læsis lesskimun og stafakönnun fyrir 1. bekk

Umsjónarkennarar leggja *Leið til læsis* – lesskimun fyrir alla nemendur 1. bekkjar að hausti. Markmið prófsins er tvíþætt: Annars vegar að finna þá nemendur sem kunna að eiga við lestrarörðugleika að stríða þegar fram líða stundir og hins vegar að veita kennurum upplýsingar um einstaka nemendur svo hægt sé að haga kennslu við hæfi. Prófið tekur tillit til þess að lestur er samsett færni sem byggir á mörgum þáttum. Prófið skimar undirstöðupætti lestrar þ.e. hljóðkerfisvitund, bókstafa- og hljóðabekkingu og málprosa. *Stafakönnun* metur hvort nemendur þekki hljóð há- og lágstafanna. Deildarstjórar og allir sem koma að kennslunni skipuleggja lestrarkennsluna út frá stöðu nemenda.

Lesferill - raddlestur

Stafakönnun er lögð fyrir nemendur í 1. bekk í desember og í janúar og maí er *Lesferill*, samfelldur raddlestrartexti, lagður fyrir nemendur í 1. bekk.

Nemendur í 2. - 7. bekk taka raddlestrarpróf *Lesferil* a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu þ.e. í september, janúar og maí.

Markmið með raddlestrarprófi er að meta hversu hratt og nákvæmt nemandinn les upphátt, hvort hann taki eðlilegum framförum og hvar hann stendur miðað við viðmið árgangsins. Í niðurstöðum *Lesferil* prófanna kemur fram hversu mörg orð nemandinn les á mínútu. Þau eru stöðluð fyrir alla árganga. Gefin eru upp viðmið fyrir hvern árgang sem nemendur eiga að ná í maí. Það er miðað við að 90% nemenda nái ákveðnu lágmarksviðmiði, 50% nemenda nái ákveðnu viðmiði og að 25% efstu nái ákveðnu viðmiði (sjá töflu). Þeir sem ekki ná 90% viðmiði árgangs er boðið að taka þátt í lestrarátaki sem unnið er heima.

Viðmið árgangs – orð á mínútu

maí	1. b	2. b	3. b	4. b	5. b	6. b	7. b
90% viðmið	20	40	55	80	90	105	120
50% viðmið	55	85	100	120	140	155	165
25% viðmið	75	100	120	145	160	175	190

Orðarún - lesskilningur

Lesskilningsprófið *Orðarún* er staðlað próf fyrir 3. - 7. bekk. Það eru tveir samfelldir textar og 10 spurningar í hvorum texta, sem skipt er í ályktunar-, orðaforða- og staðreynda spurningar við hvorn texta. Tvö próf eru fyrir hvern árgang og eru þau lögð fyrir að hausti og vori. Sérkennari og umsjónarkennari taka sameiginlega ákvörðun um hvaða frávíkspjónustu nemendur með alvarlega lestrarörðugleika fá. Námsmatið er birt á hæfnikort nemanda á Mentor. Heildareinkunn er birt á vitnisburðarblaði í júní.

Aston Index stafsetning

Í 2. - 7. bekk leggur umsjónarkennari *Aston index*, staðlað stafsetningarpróf, fyrir alla nemendur í skólabyrjun. Sérkennari skráir niðurstöður og les ásamt umsjónarkennara úr þeim. Niðurstöður eru birtar á hæfnikorti nemandans á Mentor. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir þá nemendur sem fá minna en 14/20 rétt að hausti.

Framsögn

Í nóvember og maí taka nemendur í 5. - 7. bekk framsagnarpróf, sem umsjónarkennari og prófdómari meta. Umsjónarkennari og sérkennari taka ákvörðun í samráði við nemendur með sértæka leshömlun um hvort þeir þreyti framsagnarprófið eða hvort þeir lesi styttri texta. Prófið er stuttur texti úr sögubók ásamt ljóði sem nemendur fá með sér heim daginn fyrir próf til að æfa sig. Nemendur lesa úr ræðupúlti. Í námsmati eru eftirfarandi þættir metnir: Líkamsstaða, samband við áheyrendur, raddstyrkur, framburður og hæfilegur hraði. Gott flæði á texta, rétt lesið, áherslur og tónfall, lesið af sannfæringu, lestur á ljóði af skilningi og miðlað af einlægni. Námsmatið er birt á hæfnikorti á Mentor.

Samræmd próf

Samræmd próf sem verið hafa í 4. og 7. bekk í íslensku og stærðfræði verða ekki þetta ár.

Kennsluáðferðir í lestri

Í skólanámskrá sem er aðgengileg á heimasíðu skólans eru birt markmið og leiðir hvers árgangs og hvernig vinnulagi er háttað. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að efla læsi nemenda, þar sem unnið er með lestur, frásögn, stafsetningu, ritun og hlustun. Mikilvæg leið að lesskilningi er að kenna nemendum að tileinka sér ákveðið lesskilningsferli svo sem athugun á útliti texta (titli, lengd, myndum og leturgerð). Í lestrinum er spáð fyrir um efni textans og tilgang, reynt að gera sér grein fyrir því hvar í texta eigi að leita svara og að skima texta. Helstu aðferðir til að vinna með lesskilning eru *PALS*, *yndislestur*, *Orð af orði*, *Vörður* og *vegvísir*, *KVL*, *gagnvirkur lestur*, *hugtakakort* og *SSLSR*.

PALS

PALS stendur fyrir pör að læra saman, þar sem tveir nemendur vinna saman eftir ákveðnu ferli. Þeir skiptast á að vera þjálfarar og lesa upphátt hvor fyrir annan, draga ályktanir, spyrja spurninga og svara þeim. Lagt er upp úr því að þeir leiðbeini hvor öðrum á uppbyggilegan hátt og lesi rétt og sér til skilnings.

Yndislestur

Yndislestur er lestrarstund þar sem allir nemendur lesa bók að eigin vali sér til ánægju. Kennari gengur á milli og ræðir við nemendur um innihald, höfund, sögupersónur o.s.frv. Öðru hvoru vinna nemendur úr innihaldi lestrarbókanna og fá tækifæri til að kynna fyrir samnemendum innihald bókanna.

Orð af orði

Megináherslur í *Orði af orði* eru að auka orðaforða og orðvitund nemenda til að þeir geti nýtt orðaforða sinn á fjölbreyttan hátt og efla skilning í máli, lestri og námi. Fjölbreyttum leiðum er beitt, s.s. orð dagsins þar sem unnið er m.a. með hugtök eða málshætti. Kenndar eru krossglímur, fjölbreytt hugtakakort og samsetning orðabúta.

Vörður og vegvísir og 123skoli.is

Vörður og vegvísir er heildstæð íslenskukennsla þar sem m.a er stuðst við leiðbeiningarspjöld til að hjálpa nemendum að skipuleggja frásögn og ritun, jafnframt eru verkefni til að vinna með í málfræði. Hofsstaðaskóli er áskrifandi að *123skoli.is* en sá vefur byggir á hugmyndafræði *Vörður og vegvísir*. Verkefni á *123skoli.is* eru lögð til grundvallar í lestrarkennslu nemenda í 1. og 2. bekk og stuðst er við þau áfram í 3. - 7. bekk.

KVL

KVL stendur fyrir það sem nemandi kann um efnið áður en lestur hefst, það sem hann vill vita og það sem hann hefur lært að lestri loknum. Áður en lestur hefst gerir kennarinn þrjá reiti á töfluna, K (kann), V (vil vita) og L (hef lært). Fyrst spyr kennarinn nemendur hvað þeir viti um efnisinnihaldið og skráir svör þeirra í K-reitinn, síðan aðstoðar hann þá við að búa til spurningar um það sem þeir vilja vita og skráir þær í V-dálkinn. Að lokum er textinn lesinn og það sem nemendur lærðu er skráð í L-dálkinn. Þegar nemendur eru orðnir öruggir á aðferðinni geta þeir unnið sjálfstætt.

Gagnvirkur lestur

Þegar *gagnvirkur lestur* er notaður í kennslu vinna nemendur saman, skiptast á hlutverkum og allir eru virkir. Einn les textann upphátt, næsti rifjar upp innihald þess sem lesið var og spyr hvort einhver hugtök þarfnist útskýringa. Þriðji nemandinn spyr svo spurninga um efnið og sá fjórði leitast við að svara þeim.

Hugtakakort

Hugtakakort eru gjarnan notuð til að vinna úr innihaldi bóka á myndrænan hátt. Unnið er út frá ákveðnum lykilhugtökum. Smærri undirhugtök flokkast svo undir þau þannig að þau gefa heildarmynd af innihaldi textans sem unnið er með. Dæmi um þetta er hugtakakort yfir lykilhugtakið Norðurlönd þar sem undirhugtökin eru öll Norðurlöndin og undirhugtök undir hvert Norðurland eru t.d. atvinnuvegur, fólksfjöldi, landslag o.s.frv.

SSLSR

Aðferðin byggir á fimm þrepum þ.e. að *skoða, spyrja, lesa, segja frá og rifja upp*. Á fyrsta þrepi **S**- skoðar nemandinn myndir, fyrirsagnir og annað til að átta sig á innihaldi

textans, á öðru þrepi – **S** spyr hann spurninga úr efninu, á þriðja þrepi – **L** les hann texta til að svara spurningum, á fjórða þrepi – **S** endursegir hann efnið og á fimmta og síðasta þrepi – **R** rifjar hann upp innihald textans með aðstoð spurninga.

Hraðlestur

Markmiðið með því að þjálfar nemendur í *hraðlestri* er að auka leshraða þeirra í nákvæmnislestri. Hraðlestur byggist á því að nemandinn reynir að lesa enn hraðar en hann er vanur. Hann getur t.d. endurlesið stuttan texta nokkrum sinnum og mælt hvað hraðinn eykst við endurtekninguna. Þegar þetta er gert er mikilvægt að merkja við villur og jafnvel skrifa niður rangt lesin orð til að festa réttitunina í minni.

Greiningarpróf

LOGOS (staðlað próf) sem lagt er fyrir einstaka nemendur í 3. – 7. bekk. Prófið er tölvutækt greiningarpróf sem metur hvort nemandi er með leshömlun (dyslexíu) eða aðra lestrarörðugleika.

TOLD 2P og 2I málþroskapróf (staðlað próf) sem talmeinafræðingar leggur fyrir einstaka nemendur. Prófið metur m.a. málþroska, málskilning og máltjáningu.

Hljóðfærni (staðlað próf) Prófið er lagt fyrir nemendur sem mælast á áhættu 1 í a.m.k. tveimur þáttum *Leið til læsis* skimunar. Það metur helstu þætti sem hafa áhrif á lestrarnám eins og rím, samtengingu, sundurgreiningu, hljóðgreiningu og orðhlutaeyðingu.

Nánari leiðbeiningar fyrir kennara vegna lestrarátaka sem unnin eru heima:

Eitt skref í einu

Fyrir þá nemendur í 2. -5. bekk, sem eru ekki undir viðmiði árgangs í Lesferli en þurfa að bæta lesfimi (lestrarhraða eða lestraröryggi/lestrarlag).

- Lestrarpróf – Lesferill janúar
- Velja bók við hæfi hvers og eins út frá Skrefi 1-5 og velja þjálfunarfyrrkomulag 1, 2 eða 3
- Ljósrita bækur og þjálfunarleiðbeiningar fyrir hvern og einn. (Mappa með frumriti hjá ljósritunarvél).
- Samtal við foreldra og barn (samtalsdagur í janúar) og bókin og þjálfunarfyrrkomulag kynnt og afhent.
- Barnið les eftir þessu fyrrkomulagi í 20 daga.
- Lestrarprófað aftur, sama próf – eftir 6 vikur frá fyrra prófi.

Æfingin skapar meistarann

Fyrir þá nemendur í 6. -7. bekk, sem eru ekki undir viðmiði árgangs í Lesferli en þurfa að bæta lesfimi (lestrarhraða eða lestraröryggi/lestrarlag).

- Lestrarpróf – Lesferill janúar
- Velja bók við hæfi

- Ljósrita bækur. (Mappa með frumriti hjá ljósritunarfél).
- Samtal við foreldra og barn (samtalssdagur í janúar) og bókin og þjálfunarfyrirkomulag kynnt og afhent.
- Barnið les eftir þessu fyrirkomulagi í 20 daga.
- Lestrarprófað aftur, sama próf – eftir 6 vikur frá fyrra prófi.

Polli

Fyrir þá nemendur sem eru undir viðmiði í 2. bekk

- Lestrarpróf – Lesferill, janúar
- Foreldrar þeirra nemenda sem eru undir viðmiði fá boð um að mæta á kynningarfund um átakið sem sérkennarar stýra.
- Nemendur vinna í áttakinu heima í 4. vikur
- Lestrarprófað aftur, sama próf – **eftir 6 vikur frá fyrra prófi.**

Risaeðlur

Fyrir þá nemendur sem eru undir viðmiði í 3. bekk

- Lestrarpróf – Lesferill, janúar
- Foreldrar þeirra nemenda sem eru undir viðmiði fá boð um að mæta á kynningarfund um átakið, sem sérkennarar stýra.
- Nemendur vinna í áttakinu heima í 4. vikur
- Lestrarprófað aftur, sama próf – **eftir 6 vikur frá fyrra prófi.**

Höfrungalíf

Fyrir þá nemendur í 4. eða 5. bekk sem eru undir viðmiði.

- Lestrarpróf – Lesferill, janúar
- Foreldrar þeirra nemenda sem eru undir viðmiði fá boð um að mæta á kynningarfund um átakið sem sérkennarar stýra.
- Nemendur vinna í áttakinu heima í 4. vikur
- Lestrarpróf, sama próf – **eftir 6 vikur frá fyrra prófi.**

Lesferill og heimalestrarátök í Hofsstaðaskóla 2023-2024

Mánuður	Próf	Bekkir	Hver prófar/umsjón?
Ágúst	Aston Index	2.-7. bekkur	Umsjónarkennarar prófa Sérkennarar fara yfir og skrá
sept.	Lesfimi próf og skráning <i>Kynningarfundur f. for.</i>	2.-7. bekkur 1. bekkur	Umsjónarkennarar Aðstoðarskólastjóri
Október	Leið til læsis <i>Lestrarátak –Polli</i> <i>Eitt skref í einu (mms)</i> <i>Lestrarátak- Höfrungalíf</i>	1. bekkur 2. bekkur – allir undir viðmiði 3. bekkur – allir í 3. bekk 4. bekkur – allir undir viðmiði	Umsj./sérk./deildarstj. <i>Sérkennarar</i> <i>Umsjónarkennarar</i> <i>Sérkennarar</i>
nóvember	Orðarún Próf 1	3.-7.b.	Umsj. og sérkennarar
desember	Stafakönnun	1.bekkur	Umsjónarkennarar
Janúar	Lesferill – prófun/skráning Orðleysur og sjónrænn orðaforði	1.b 2.-7. b Allir undir viðmiði í 3. og 6. bekk	Umsjónarkennarar Sérkennarar Sérkennarar
Jan -	<i>Lestrarátak - Rlsaeðlur</i> <i>Eitt skref í einu</i> <i>Æfingin skapar</i> <i>meistarann– (mms.is)</i>	3. bekkur – allir undir viðmiði Allir í 4. -5. bekk Allir í 6.-7. bekk	Sérkennarar Umsjónarkennarar Umsjónarkennarar
Apríl	Orðarún Próf 2	3.-7.b.	Umsj. og sérkennarar
maí	Lesfimi Aston Index <i>Popplestur</i>	1.-7. bekk Allir undir 14/20 í 2.-7. bekk 1.-4. b.	Umsjónarkennarar Sérkennarar Umsjónarkennarar
júní	<i>Sumarlestur</i>	1.-7. bekkur	Umsjónarkennarar